



Reykjavík, 27. janúar 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um afnám verðtr. á fjárskuldbindingum (99. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og vísa til umsagnar þeirra um málið hvað varðar sögulegar forsendur verðtryggingar og mikilvægi hennar á fjármálamarkaði. Hins vegar telja SBV, eins og fram kemur í umsögn SA, að líklegt sé að íslenskur lánamarkaður muni hægt og bitandi draga úr notkun verðtryggingar á komandi árum. Í þeim efnum má reyndar hafa í huga að sú takmörkun sem Seðlbankinn hefur sett á skammtíma verðtryggingu nær einvörðungu til sparifjár og lánsfjár, en ekki annarra tegunda af skuldbindingum, svo sem húsaleigusamninga og verktakasamninga. SBV telja engin rök til að setja lagalegar hömlur á beitingu verðtryggingar, heldur sé eðlilegt að leyfa markaðnum hvað þetta varðar að þróast á eðlilegan máta. Í ljósi þess sjá SBV ekki ástæðu til að setja á fót sérstaka nefnd, enda líklegt að niðurstöður slíks nefndastarfs yrðu fremur til almennrar upplýsingar um væntanlega þróun en að fram kæmu tillögur um lagaleg inngríp.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri